

Fundargerð fundar í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, mánudaginn 29. ágúst 2016, kl 14.00. Fundurinn er fjarfundur á Hólmavík og Ísafirði.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ása Dóra Finnbogadóttir, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Auk þeirra sat Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Fundargerð stjórnar FV, 9. ágúst 2016
2. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga
3. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar FV, 9. ágúst 2016
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar FV frá 9. ágúst 2016, fundargerðin hafði áður verið kynnt í tölvupósti en óskast nú staðfest. Formaður bar upp fundargerðina til staðfestingar. Tillagan samþykkt.
2. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Af óviðráðanlegum aðstæðum varð að fresta áður boðuðu Haustþingi FV til 9. og 10. september n.k. og færa þingið til Hólmavíkur. Ákvörðun þessi var tekin í samráði við stjórn FV í tölvupósti.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að dagskrá haustþings auk eftirfarandi mála með tillögu um að þeim verði vísað til haustþings.

- *Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.* Greinargerð með tillögu um gerð svæðisáætlunar fyrir Vestfirði og viðauki með umsögnum.
- *Stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga.* Greinargerð með tillögu stefnu í málaflokkum og verkefnum FV og forgangsörðun verkefna fyrir komandi starfsár.
- *Tillaga stjórnar FV, að breytingum á samþykktum FV, 8. grein. Dagskrá þingsins.*
- *Tillaga bæjarstjórnar Vesturbyggðar að breytingum á samþykktum FV 4. grein. Fulltrúar og atkvæðavægi á Fjórðungsþingi.*
- *Tillaga stjórnar um breytingar á þingsköpum FV.*
- *Tillaga stjórnar um fjárhagsáætlun 2017*

Rætt um efni máls og formaður lagði síðan til að umræðu væri frestað til loka fundarins.

3. Önnur mál.

- a. Umsagnir til Alþingis
 - Stjórnarfrumvarp til laga um námslán og námsstyrki, mál 794

Lagt fram og samþykkt að framkvæmdastjóri geri tillögu að umsögn í ljósi umræðu á fundinum og sendi stjórn til yfirlstrar.

- Stjórnarfrumvarp til laga um Umhverfisstofnun, mál 674.

Lagt fram til kynningar.

- Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019, mál 764

Lagt fram til kynningar.

- b. Tilnefning fulltrúa í samráðshóp Atvinnu og nýsköpunarráðuneytis um rannsóknir og nýtingu þangs og þara við Breiðafjörð.

Lagt fram bréf ANR dags 15. ágúst s.l. þar sem óskað er tilnefningar FV í samráðshóp ráðuneytisins. Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna 10/2008 skal við skipan í opinberar nefndir fela í sér tilnefningu tveggja einstaklinga karl og konu. Formaður lagði fram tillögu.

Stjórn FV styður stofnun þessa samráðshóps og mikilvægi hans fyrir atvinnulíf og samfélög við Breiðarfjörð. Stjórn samþykki að skipa Aðalstein Óskarsson, framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga og Nancy Bechtloff, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða

Tillagan samþykkt.

- c. Framkvæmdastjórn Atvest. Stjórn FV átti fund með stjórn Atvest nú fyrr í dag samkvæmt beiðni félagsins, til umræðu var samstarf þessara aðila. Formaður kynnti erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða sem samþykkt var í stjórn Atvest í framhaldi af fundi með FV. Erindið er sem hér segir.

Stjórn Atvinnuþróunarfélagsins óskar eftir því við stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að framkvæmdastjóri FV taki við framkvæmdastjórn Atvest. Þessi tilhögun yrði tímabundið á meðan að tekin er umræða um framtíðarskipulag félagsins sem áætlað er að ljúki með niðurstöðu 30. september næstkomandi.

Tæknilegar útfærslur verða ræddar á næstu dögum og vikum.

Fyrir hönd Atvinnuþróunarfélagsins munu Andrea Jónsdóttir og Anna Lóa Guðmundsdóttir vinna áfram í málinu með stuðningi frá fráfarandi framkvæmdastjóra félagsins.

Rætt um efni tillögu Atvest. Formaður lagði til eftirfarandi bókun

Stjórn FV samþykkir erindi stjórnar Atvest. Framkvæmdastjóra falið að semja um verkefnalista og tímaramma þessa fyrirkomulags og bera undir stjórn FV með tölvupósti.

Stjórn FV skipi Pétur Markan og Sigurð Hreinsson í verkefnahóp sem ætlað er að koma með tillögur að mögulegu framtíðarskipulagi félaganna. Verði hópnum ætlað að skila drögum að nýrri tilhögun til Haustþings FV sem haldið verður þann 9. og 10. september n.k.. Framkvæmdastjóra falið að breyta dagskrá þingsins í ljósi þessa.

Tillagan samþykkt.

d. Starf menningarfulltrúa.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu auglýsingar starfs menningarfulltrúa. Frestur rennur út þann 30. ágúst n.k..

Fleira var ekki gert og fundi slitið, kl 16.00.